

Rad-Sure™
gerð 25 Gy - NBF
Geislunarvísir fyrir blóð
Notkunarleiðbeiningar
Endursk. 04

Þegar Rad-Sure™ GERÐ 25 Gy vísar eru settir á blóðafurðir sýna þeir hvort þær hafi verið geislaðar. Áður en blóðafurð og áfestur vísir eru geisluð sýnir vísirinn „NOT IRRADIATED“ (EKKI GEISLAÐ). Eftir að blóðafurð og áfestur vísir hafa verið geisluð hverfur orðið „NOT“ (EKKI) á vísinum og þess í stað stendur „IRRADIATED“ (GEISLAÐ).

Einungis skal nota Rad-Sure™ GERÐ 25 Gy vísa með geislatækjum með sesíum-137 eða kóbalt-60 geislalindir, eða aðrar lindir með jafnmikilli eða meiri orku.

ATH.: Rad-Sure™ vísar gefa aðeins til kynna að geislun hafi átt sér stað. Þeir mæla ekki skammtinn frá geislatækni. Þá má eingöngu nota með geislatækjum sem vinna rétt og eru rétt stilltir. En vegna mismunandi lýsingar, lotanúmera og sjónar notanda, kunna Rad-Sure vísar að sýnast algerlega ógegnisær jafnvel eftir útsetningu sem nemur minna en lágmarksskammti fyrir vöruna. Því má aldrei nota Rad-Sure vísa til að stilla geislatækni.

1. Ekki skal útsetja fyrir 50°C (122°F)-Forðastu að hafa lengi við hátt hitastig.
2. Taktu þann fjölda vísa sem þarf úr öskjunni. Leitaðu að orðinu „NOT“ (EKKI) í glugga hvers vísis. Ekki má nota vísinn nema að orðið „NOT“ (EKKI) sjáist greinilega (sjá mynd 1a).
3. Gættu að fyrningardagsetningu vörunnar sem fram kemur á vísinum. Ef varan er komin fram yfir fyrningardagsetningu má ekki nota vísinn.
4. Flettu bakhliðinni af vísinum með því að beygja blaðið. Varastu að snerta límlagið með gúmmihönskum. Settu vísinn þétt á viðeigandi, hreinan og þurrar stað á blóðeininguna áður en hún er geisluð.
5. Geislaðu blóðeininguna með áfestum vísinum í gammageislatækni við eða yfir ráðlögðum lágmarksskammti.
6. Eftir geislun skal athuga á vísinum hvort glugginn sé svartur og hylji orðið „NOT“ (EKKI). Á vísinum á nú að standa „IRRADIATED“ (GEISLAÐ)” (sjá mynd 1b). Ef orðið „NOT“ (EKKI) sést ennþá skal láta umsjónarmann vita tafarlaust.
7. Settu þá vísa sem eftir eru aftur í öskjuna og lokaðu henni til að koma í veg fyrir að vísarnir verði fyrir beinu sólarljósi eða útfjólubláu ljósi. Ekki nota vísana í örbylgjuofnum.
8. Geymdu vísana við eða undir 25°C. Geymdu fjarri öllum geislalindum, þar með töldum gammageislum, röntgengeislum, rafeindatækjum og örbylgjum.

FYRIRVARI

Þær upplýsingar sem fram koma hér eru taldar áreiðanlegar en skulu ekki teljast staðhæfing, ábyrgð eða trygging og eru viðskiptavinir hvattir til gera eigin prófanir.

Engin meðmæli eða heimild er gefin í skyn sem brýtur gegn neinum einkaleyfum eða öðrum eignarrétti og Ashland Specialty Ingredients G.P. ber enga ábyrgð á neinu slíku broti.

Rad-Sure™ er skráð vörumerki Ashland Specialty Ingredients G.P.
Einkaleyfisnúmer í BNA-7445880

Ashland Specialty Ingredients G.P.
1005 Rt. 202/206
Bridgewater, NJ 08807
BNA

Til að panta aftur innan BNA skal senda tölvupóst til AdvancedOrders@Ashland.com

Til að fá þjónustu eða upplýsingar í BNA skal senda tölvupóst til:

AdvancedMaterials@Ashland.com

Til að fá þjónustu eða upplýsingar utan BNA skal hafa samband við dreifingaraðila á staðnum. Til að finna hver er dreifingaraðili á staðnum skal hafa samband við:

AdvancedMaterials@Ashland.com







BEFORE IRRADIATION

Fig. 1a



AFTER IRRADIATION

Fig. 1b

Tákn	Heiti tákn
	Lotukóði
	Síðasti notkunardagur
	Framleiðandi
	Einnota